

AUGLÝSING

um tölvuvædda tollafgreiðslu vegna útflutnings og eyðublöð fyrir útflutningsskýrslur.

Í tengslum við tölvuvæðingu tollafgreiðslu og tölvuvinnslu upplýsinga úr útflutningsskýrslum, sem tekin verður upp við öll tollstjóraembætti frá og með 1. janúar 1998, verður tekið í notkun eyðublað fyrir útflutningsskýrslur, E-2.1 og E-2.2, sbr. sýnishorn í fylgiskjali 1 og 2 með auglýsingu þessari. Eyðublað E-6, sem notað hefur verið fram að þessu, verður jafnframt lagt af frá sama tíma.

Samhliða þessum breytingum verður tekið í notkun SMT-tollafgreiðslukerfi (skjalasending milli tölva) sem gerir útflytjendum kleift að senda upplýsingar úr útflutningsskýrslum um gagnaflutningsnet til tollstjóra (pappírslaut afgreiðslukerfi) samkvæmt nánari reglum þar um.

Útflytjendur, sem ekki nota SMT-tollafgreiðslukerfið, skulu frá og með 1. janúar afhenda tollstjóra í viðkomandi tollumdæmi útflutningsskýrslu í einriti á eyðublaði E-2 (aðaleyðublað E-2.1 og framhaldsblað E-2.2) ásamt öðrum tollskjölum sem leggja ber fram vegna tollafgreiðslu við útflutning. Útflutningsskýrslan skal fyllt út í samræmi við leiðbeiningar sem gefnar hafa verið út af ríkistollstjóra. Umrædd eyðublöð ásamt leiðbeiningum liggja frammi hjá tollstjórum (tollstjóranum í Reykjavík og sýslumönnum) sem veita nánari upplýsingar um tollskýrslugerð, m.a. tollflokkun, upprunareglur og annað sem lýtur að tollmeðferð vegna útflutnings svo og SMT-tollafgreiðslukerfið. Leiðbeiningar þessar ásamt eyðublöðum er einnig að finna á heimasíðu ríkistollstjóra á alnetinu en slóðin þar er: www.tollur.is

Óski útflytjendur eftir að nota eyðublað E-2 í sjálfafrítandi formi og með þeim hætti sem kveðið er á um í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 23/1987, um samning um einföldun formsatriða í viðskiptum, er þeim heimilt að láta prenta slík form fyrir sig. Noti útflytjendur tölvuprentara við útfyllingu tollskýrslu í þessu formi er þeim einnig heimilt að prenta form samhliða útfyllingu einstakra reita á venjulegan pappír enda sé gætt reglna um gerð þess að öðru leyti.

Um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra vísast að öðru leyti til reglugerðar nr. 228/1993, um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra og reglugerðar nr. 309/1992, um tollafgreiðslu og greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar tollskjöl eru send milli tölva.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. 15. gr. og 149. gr. þeirra, og ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 228/1993, um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1998.

Ríkistollstjóri, 20. nóvember 1997.

Sigurgeir A. Jónsson.

Fylgiskjal 1.



ÍSLAND

A SENDINGAR-/ÚTFLUTNINGSTOLLSTÖÐ

1	Eintak sendingarlands/útflyttingslands	2 Sendandi/Útflytjandi	nr.	1 SKÝRSLA	
		3 Eyðublað	4 Hleðsluskrár		
		5 Vörulíður	6 Stykkjatala	7 Tilvisunarnúmer	
		8 Viðtakandi	nr.	9 Ábyrgðaraðili greiðslu	
		10 Fyrsta ákvörðunarlönd	11 Viðskiptaland	13 S.L.S.	
		14 Skýrslugjafi/Umboðsaðili	nr.	15 Sendingarland/Útflyttingsland	
		16 Upprunaland	17 Ákvörðunarlönd		15 C. Lykill send-/útflyttingslands
		18 Auðkenni og þjóðerni flutningsfars við brottför	19 Gámur	20 Afhendingsræðsmál	
		21 Auðkenni og þjóðerni virks flutningsfars við flutning yfir landamæri	22 Mynt og heildarfjárhæð reiknings	23 Gengi	24 Tegund viðskipta
		25 Flutningsmáti yfir landamæri	26 Flutningsmáti innanlands	27 Hleðslustaður	28 Fjármála- og bankaupplýsingar
1	29 Útflyttingstollstöð	30 Geymslustaður vöru			
31 Stykki og vörulýsing	Merki og númer – Gámur. – Tala og tegund		32 Vörulíður nr.	33 Vörunúmer	
44 Viðbótarupplýsingar/ Framlögð skjal/ Vottorð og leyfi			34 Lykill upprunaland	35 Þyngd bruttó (kg)	
			37 TOLLMEÐFERÐ	38 Þyngd nettó (kg)	39 Kvótar
			40 Heildarskýrsla/Fyrra skjal		
			41 Magn í annarri einingu		
47 Útreikningur gjalda	Tegund	Gjaldstofn	Taxti	Fjárhæð gjalds	GM
					48 Greiðslufrestur
					49 Auðkenni vörugreymslu
					8 REIKNINGSLEGAR UPPLÝSINGAR
Samtals:					
51 Fyrirhugaðar umflutnings-tollstöðvar (og land)	fyrir hönd hans		Undirskrift:		C BROTTFARARTOLLSTÖÐ
	Staður og dagsetning:				
52 Ábyrgð tekur ekki til					Lykill
					53 Ákvörðunartollstöð (og land)

D EFTIRLIT BROTTFARARTOLLSTÖÐVAR

Stimpill:

54 Staður og dagsetning:

Niðurstaða:

Innsigli, tala:

auðkenni:

Frestur (dagsetning):

Undirskrift:

Undirskrift og nafn skýrslugjafa/umboðsaðila:

